



Rangárbing  
eystra

Málstefna Rangárþings eystra



# Málstefna Rangárþings eystra

## Verkefnislýsing

Samkvæmt 5. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011 segir:

*Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skulu sjá til þess að hún sé notuð. Um málstefnu og stöðu íslenskrar tungu skal leitað samvinnu við Íslenska málnefnd, sbr. 6. gr.*

Í sömu lögum kemur fram að þjóðtungan sé sameiginlegt mál landsmanna og skulu stjórnvöld tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs. Þar segir einnig að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu (2. og 5. gr.).

Í stefnu þessari er tekið mið af eftirfarandi heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna til að tryggja jafnan aðgang og jafnrétti allra íbúa í Rangárþingi eystra. Eftirfarandi heimsmarkið eru einna helst höfð að leiðarljósi í stefnu þessari:



## Markmið stefunnar

Í öllum málsamfélögum heimsins má finna hinar ýmsu málstefnur, hvort sem þær eru skráðar eða óskráðar. Þegar málnotendur á tilteknu svæði koma sér saman um að nota eitt tungumál en ekki annað er það í sjálfu sér liður í málstefnu.

Hugtakið málstefna er þó einna helst notað um þá hefð eða fyrirmæli sem gilda um málnotkun í skólum og öðrum opinberum stofnunum. Á Íslandi er samband þjóðar, ríkis og tungu einkar einfalt. Langflestir íslenskir ríkisborgarar eiga íslensku að móðurmáli og mállýskunundur er hverfandi. Mótun málstefnu er því á margan hátt auðveldara verk hér á landi en á mörgum öðrum stöðum í heiminum.

Meginmarkmið með málstefnu þessari er að tryggja stöðu íslenskrar tungu sem þjóðtongu og það að íslenskan sé það tungumál sem sameinar íbúa Rangárþings eystra óháð uppruna. Einnig að tryggja að upplýsingar er varða íslenska ríkisborgara af erlendum uppruna og erlenda ríkisborgara sem hér fá dvalar- eða atvinnuleyfi til að geta nálagst einfaldar upplýsingar á öðru tungumáli en íslensku á meðan þeir sækja



sér færni og þekkingar í íslensku. Stefna þessi skal einnig styðja og styrkja notkun íslensks táknmáls í Rangárþingi eystra.

## Tímabil stefnu

Málstefna þessi er sett fram til fjögurra ára í senn og skal yfirfarin af nýrri sveitarstjórn að aflokum sveitarstjórnarkosninga.

## Málstefna

*Íslenska er þjóðtunga sem er sameiginlegt mál allra landsmanna. Allir þeir sem búsettir eru hér á landi skulu eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi samanber 2. gr. laga um íslenska tungu og íslenskt táknmál nr. 61/2011. Íslenskt táknmál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta sem og barna þeirra, eins og kveðið er á um í 3. gr. laga um íslenska tungu og íslenskt táknmál nr. 61/2011.*

Allt efni sem sveitarfélagið leggur fram á rafrænu formi skal vera sett fram á skýran og hnitmiðaðan hátt til að auðvelda sem flestum íbúum að nýta sér það efni sem sett er fram og ljúka þeim erindum sem það á. Viðmót og aðgengi skal vera í samræmi við alþjóðlega staðla um upplýsingamiðlun til fólks með sérþarfir og fötlun.

Rangárþing eystra sækist eftir því að öll upplýsingagjöf sé til staðar á íslensku táknmáli fyrir þá sem þess þurfa. Einnig leitast sveitarfélagið eftir því að tryggja öllum þeim sem þurfa að reiða sig á íslenskt punktaletur/blindraletur upplýsingar á því letri eða í talgervlum.

Rangárþing eystra er fjölmennningarlegt sveitarfélag þar sem rúmlega 30% íbúa eru af erlendum uppruna frá yfir þrjátíu mismunandi löndum. Til að tryggja jafnræði allra íbúa skulu lykilupplýsingar sveitarfélagsins einnig vera í boði á ensku.

Málstefnan tekur mið af annarri stefnumörkun og skuldbindingum af hálfu sveitarfélagsins og byggir á grundvallaratriðum þeirra um jafnræði, virðingu, traust, gagnsæi, gott aðgengi að upplýsingum og virkum samskiptum.

Málstefna þessi gildir á öllum starfsstöðum Rangárþings eystra og byggðasamlögum þess. Starfsfólk skal taka mið af henni í öllum sínum störfum og samskiptum sem og að vanda allt mál í þjónustu og upplýsingamiðlun.



## Notkun tungumáls

Lögð skal áhersla á að íslenska sé ávallt fyrsta tungumál sem starfsfólk Rangárþings eystra skal nota við störf sín og stjórnsýslu nema þar sem aðstæður krefjast þess að það noti önnur tungumál, t.d. í ráðgjöf við fólk með annað móðurmál en íslensku.

Allar upplýsingar um þjónustu Rangárþings eystra, útgefið efni, fundargerðir og önnur gögn, eru á vandaðri, skýrri og auðskiljanlegri íslensku. Þar er fundargerð Fjölmenningsráðs undanskilin þar sem fundir ráðsins fara fram á ensku. Óski starfsfólks eða íbúar eftir fundargerð ráðsins á íslensku skal verða við þeirri ósk.

Leggja skal áherslu á að allt efni sem samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem sveitarfélaginu ber að birta skuli vera sett fram á sem aðgengilegastan hátt á vandaðri og auðskiljanlegri íslensku.

Það er ein stærsti auðlind Rangárþings eystra að búa við þann mikla fjölbreytileika í samfélagi sveitarfélagsins sem raun ber vitni. Meta skal þekkingu og menntun starfsfólks af erlendum uppruna að verðleikum og veita því aðstoð til að nýta hana samhliða því að ná góðum tókum á íslensku máli.

Starfsfólk sem er í beinum samskiptum við íbúa skal hafa grundvallarfærni í íslensku, samanber námskrá í íslensku fyrir útlendinga.

Íslenska skal vera meginsamskiptamál í þjónustu og vinnuumhverfi starfsstaða Rangárþings eystra. Þetta gildir líka um viðmót í tölvum, rafrænni þjónustu og helsta notendahugbúnaði á starfsstöðum sveitarfélagsins.

Allt efni á vegum Rangárþings eystra, sem gefið er út á erlendum tungumálum, skal jafnframt vera til á íslensku.

## Aðgengi

Allar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins skulu vera aðgengilegar og auðskiljanlegar. Málstefna sveitarfélagsins skal vera aðgengileg öllum íbúum óháð tungumáli sem og fræðsla um þá þjónustu sem stendur íbúum til boða til að tryggja að íbúar geti tekið virkan þátt í íbúalýðræði og samfélagsumræðu.

Allt vefefni Rangárþings eystra skal vera aðgengilegt og auðlæsilegt í samræmi við WCAG 2.0- staðla, þannig að blindir, leshamlaðir og fólk með aðrar skerðingar geti lesið það. Markmiðið er að gera allt efni á vef sveitarfélagsins aðgengilegt með helstu hjálpartækjum, svo sem skjálesurum og talgervlum.



## Málfar og málnotkun

Allir þeir sem koma fram fyrir hönd Rangárþings eystra skulu tala og rita vandað mál og sýna vinsemd og virðingu í öllum samskiptum og þjónustu. Á það við um öll tungumál, íslensku sem önnur, og einnig táknmál. Vandað mál er markvisst og í samræmi við málvenju, í viðeigandi málsniði og ritað í samræmi við gildandi reglur um réttiritun.

Starfsfólk skal nota vandaða íslensku í samskiptum og þjónustu og þýða eins og kostur er á íslensku fagheiti og hugtök í störfum sínum.

Sá sem skrifar og svarar erindum fyrir hönd Rangárþings eystra skrifar einfaldan, skýran og hlutlægan texta. Hann forðast gildishlaðin orð, sterk lýsingarorð, flókin fagheiti og skammstafanir.

Gera skal sams konar kröfur um vandaða, staðlaða og skýra málnotkun á íslensku táknmáli og gerðar eru um íslensku.

Starfsfólk í þjónustu sveitarfélagsins skal hafa greiðan aðgang að öllum helstu handbókum um íslenskt mál, svo sem íslenskri orðabók, stafsetningarorðabók og samheitaorðabók. Það skal jafnframt geta nýtt sér allan tiltækan máltækniþúnað fyrir íslensku og önnur tungumál, svo sem leiðréttingaforrit, talgervla, talgreinar og þýðingarforrit.

Starfsfólki, sem ekki hefur íslensku að móðurmáli, er reglulega gefinn kostur á hagnýtum íslenskunámskeiðum til að öðlast grundvallarfærni í málinu.

## Ábyrgð

Sveitarstjórn ber ábyrgð á málstefnu Rangárþings eystra en stjórnendur stofnana sveitarfélagsins bera ábyrgð á því að henni sé framfylgt.

Sveitarstjórn skal endurskoða stefnu þessa við upphaf kjörtímabils. Sveitarstjórn ber einnig ábyrgð á ráðgjöf og eftirliti með góðu málfari á efni sem gefið er út af sveitarfélaginu.

Allar stofnanir Rangárþings eystra skulu tileinka sér þessa málstefnu og fylgja henni eftir.

Málstefna þessi samræmist markmiðum um heilsueflandi samfélag.



Rangárþing eystra vinnur að því að verða barnvænt samfélag, málstefna þessi stuðlar að því að tryggja jafnræði þar sem bann við mismunun er ein af fjórum grundvallarforsendum Barnasáttmálans (2. grein). Samkvæmt sáttmálanum eiga öll börn að njóta sömu réttinda án tillits til kynþáttar, kynferðis, trúar, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna. Þessi forsenda er grunnstef í hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga. Með stefnu þessari er tryggt að allar upplýsingar sem Rangárþing eystra gefur frá sér séu settar fram á greinagóðri íslensku en að einnig séu allar lykilupplýsingar einnig tiltækar á enskri tungu. Einnig er íslensku táknmáli gert hærra undir höfði en áður hefur verið gert hjá sveitarfélaginu. Með þessu vill Rangárþing eystra tryggja jafnt aðgengi allra, fullorðinna sem og barna, að upplýsingum sveitarfélagsins.

